

Fundargerð 4. fundar
rekstrarstjórnar Dvalarheimilisins Nausts
dags. 6. febrúar kl. 13:20, haldinn að Fjarðarvegi 3

Mætt eru: Kristín Kristjánsdóttir, Sigurður Þ. Guðmundsson, Halldóra Pálsdóttir, Sólrún Siggeirsdóttir og Jónas Egilsson staðgengill sveitarstjóra og formanns, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá og fundargerð

1. Yfirstandandi framkvæmdir og endurbætur, ásamt áætluðum kostnaði

Sólrún Arney fór yfir framkvæmdir við endurbætur og stöðu þeirra á Nausti. Hún fór jafnframt yfir fyrirbyggjandi umframkostnaði um það bil 2,3 m.kr.

Nefndin felur forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar að meta þörfina á ofnaskiptum á annarri hæð Nausts.

Starfsmenn Nausts ætla að taka saman áætlaða þörf á hjúkrunar- og dvalarúrræðum á næstu árum sem og þjónustuíbúðum í framtíðinni.

2. Tekjur 2019

Halldóra fór yfir tekjur ársins 2019 frá Sjúkratryggingum, samtals um 136,4 m.kr.

3. Starfsmannamál

- Farið yfir stöðu nokkurra mála.
- Hjúkrunarforstjóri hefur ákveðið að láta fara fram starfsmatsgreiningu hjá öllu starfsfólki á Nausti.
- Ákveðið að stjórn mæti á fund með starfsfólki. Sólrún kemur með tillögu að fundartíma.
- Hjúkrunarforstjóri tilkynnti að Naust verði reyklaus vinnustaður frá og með 1. apríl nk.
- Möguleg ráðning iðjuþjálfara. Ákveðið að hjúkrunarforstjóri og sveitarstjóri eigi fund með Hafdísí Báru Óskarsdóttur sem er starfandi iðjuþjálfari á Vopnafirði, um mögulegt starf á Nausti.

4. Nýting 2020

Lagt fram yfirlit fyrir um líklega nýtingu á árinu 2020.

5. Erindi frá Kirkjugarðsráði

Lagt fram erindi kirkjugarðsstjórnar Þórshafnarsóknar, dags. 15. janúar sl. Rekstrarstjórn samþykkir að fela Sigurði að vinna að úrlausn málsins.

6. Önnur mál

Sólrún ræddi um skipulagsbreytingar vegna lyfjageymslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:35